

Föstudaginn 14. nóvember 1986.

Nr. 288/1986. **Jón Ólafsson**

gegn

Jóhanni Gunnari Ásgeirssyni

Kærumál. Greiðslustöðvun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Skaftason og Þór Vilhjálmsson.

Gréta Baldursdóttir, fulltrúi yfirborgarfélagans í Reykavík, kvað upp hinn kærða úrskurð.

Sóknaraðili hefur með heimild í 1. tl. 10. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 3. nóvember 1986, sem barst Hæstarétti 5. nóvember sl. Hann krefst þess að úrskurðurinn verði felldur úr gildi og honum dæmdur kærumálskostnaður fyrir Hæstarétti.

Frá varnaraðilja hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Hinn kærði úrskurður, sem er án forsendna sbr. 2. mgr. 190. gr. laga nr. 85/1936, er þannig: „Jóhanni Gunnari Ásgeirssyni nafnnr. 4956-7634, Vesturbergi 106, Reykjavík, er veitt heimild til greiðslustöðvunar í allt að tvo mánuði frá deginum í dag að telja.“

Varnaraðili hefur átt í verulegum fjárhagsörðugleikum sl. þrjú ár. Hann er múrarmeistari að atvinnu og hefur byggt og selt íbúðir. Varnaraðili er um þessar mundir múrarmeistari við tvær byggingar í Reykjavík og telur sig nú hafa það miklar tekjur, að hann geti ráðstafað um það bil 200.000,00 krónum á mánuði til greiðslu skulda. Hann er skráður eigandi eftirtalinna tveggja fasteigna:

1. Raðhús á einni hæð með bílskúr að Vesturbergi 106, Reykjavík, sem er að brunabótamati 4.377.655,00 krónur. Áhvílandi veðskuldir, fjárnám og lögtök á eigninni nema, samkvæmt yfirliti lögmanns varnaraðilja pr. 27. október 1986, samtals 5.797.819,00 krónum.

Uppboð á eign þessari var þingfest í uppboðsrétti Reykjavíkur 9. maí 1985. Fyrri uppboð fór fram 3. febrúar 1986. Hið síðara átti að halda 6. júní 1986 en var frestað, með samþykki allra

uppbóðsbeiðenda, til 30. október s.á. Með úrskurði skiptaréttarins 28. október 1986 fékk varnaraðili heimild til greiðslustöðvunar í allt að tvo mánuði.

2. Raðhús, sem er í byggingu (fokhelt) að Sæbólsbraut 20, Kópavogi. Stærð um það bil 300 m². Lögmaður varnaraðilja áætlað verðmæti húss þessa nú 4.200.000,00 krónur, en um það bil 5.500.000,00 krónur tilbúið undir tréverk og málningu. Samkvæmt yfirliti lögmanns varnaraðilja pr. 27. október 1986 hvíla veðbönd á eign þessari að fjárhæð samtals 4.910.118,10 krónur.

Hinn 20. október 1986 fór fram fyrra uppbóð á eign þessari en annað er ráðgert 15. janúar 1987.

Sóknaraðili bendir á að allar skuldir, er hvíla á ofangreindum fasteignum varnaraðilja, séu gjaldfallnar. Líkindi séu fyrir því, að skuldir þessar, með áföllnum vöxtum og kostnaði, séu hærri en þær eru áætlaðar af hálfu varnaraðilja. Dráttarvextir af skuldum þessum nemi um það bil 150 - 200 þúsund krónum á mánuði. Því geri bjartsýnustu vonir varnaraðilja um tekjur eigi meira en að halda skuldum í horfinu. Útilokað sé því, að varnaraðili geti samið um skuldirnar. Beri því að fella hinn kærða úrskurð úr gildi.

Þegar virt er skuldabyrði varnaraðilja annars vegar og eignir hans og tekjumöguleikar hins vegar, verður ekki talið, að hann hafi leitt að því nægar líkur að hann geti komið nýrri skipan á fjármál sín, þótt honum verði veitt tveggja mánaða greiðslustöðvun. Verður því ekki séð að skilyrði séu fyrir hendi til að veita varnaraðilja heimild til greiðslustöðvunar. Ber því að fella hinn kærða úrskurð úr gildi.

Eftir þessum málalokum verður varnaraðilja gert að greiða sóknaraðilja 7.500,00 krónur í kærumálskostnað.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur.

Varnaraðili, Jóhann Gunnar Ásgeirsson, greiði sóknaraðilja, Jóni Ólafssyni, 7.500,00 krónur í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.